

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 311/1981 um Íþróttakennaraskóla Íslands.

1. gr.

1. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Endurtekningarpróf er aðeins leyft einu sinni. Ef sérstaklega stendur á getur skólastjóri þó veitt undanþágu frá því ákvæði að fenginni umsógn skólaráðs. Endurtekningarpróf, svo og sjúkrapróf, skal fara fram eftir að skóla lýkur að vorinu en áður en skólastarf hefst að hausti. Nemandi fær ekki að hefja nám á seinna ári nema því aðeins að hann hafi staðist öll próf, lokið verkefnum og lokið við að kenna íþróttir í a. m. k. 70 kennslustundir um sumarið.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1984.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Árni Gunnarsson.

Nr. 140

23. febrúar 1984

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Þórdísarsjóð, til minningar um Þórdísi Jónsdóttur frá Hamraberg í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt á mandatum, af dómsmálaráðherra 23. febrúar 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þórdísarsjóð, til minningar um Þórdísi Jónsdóttur frá Hamraberg í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þórdísarsjóður, styrktarsjóður Jóns Friðrikssonar og Friðriku Sigfúsdóttur frá Hömrum í Reykjadal.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Jón Friðriksson frá Hömrum í Reykjadal, sem gefur til hans í upphafi kr. 60 000,00. Heimili sjóðsins og varnarþing er heimili formanns Ungmennafélagsins Eflingar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60 000,00. Tekjur sjóðsins skulu vera vextir, verðbætur, gjafir, áheiti, sala minningarkorta o.s.frv. Söfnunarár sjóðsins verði árið 1983 og skal hann taka til starfa 1. janúar 1984.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íþróttastarfsemi og annað það, sem má verða æsku Reykdælahrepps til menningarauka.